

# PRÓF til viðurkenningar bókara

## II. HLUTI

### SKATTSKIL

Prófnúmer próftaka:	..... <b>þetta er sýnispróf</b> .....		
Námsgrein til prófs:	<i>Skattskil</i> <b>Uppbygging prófs, fjórir hlutar.</b> 1. <i>Krossaspurningar, 20% - óskilgreind efnisatriði.</i> 2. <i>Tekjuskattur og tengd atriði, 35%</i> 3. <i>Virðisaukaskattur og tengd atriði, 35%</i> <i>Verkefni nr. 1 og nr. 2.</i> 4. <i>Laun og launatengd gjöld og tengd atriði, 10%</i> Athugið að efnisatriði geta flætt á milli efnisflokka, atriði vegna tekjuskatts getur komið fyrir í öðrum efnishlutum, sama á við um önnur efnisatriði.		
Prófdagur:	<b>Sýnispróf – haust 2019.</b>	<b>Kl.:</b>	13.00 – 16.00
Próftími alls:	<b>3 klukkustundir</b>	<b>Prófblöð þ.m.t. forsíða):</b>	<b>13 blaðsíður</b>
Leyfileg hjálpargögn:	<u>Lög og reglugerðir skv. prófefnislýsingu Vasareiknir</u>	<b>Fylgiblöð:</b>	<i>Próförk</i>

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn.

Alltaf skal miða við gildandi lög (eða frá 1. sept. sama ár og próf er tekið) nema annað sé tekið fram sérstaklega.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILLAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG OG TILVITNANIR TIL LAGA OG REGLUGERÐA.

**ÞAÐ ER Á ÁBYRGÐ PRÓFTAKA AÐ GANGA FRÁ PRÓFLAUSNUM OG AÐ ÞÆR SKILI SÉR.**

**ATH... SÝNISPRÓF SÝNIR MEGINLÍNUR Í UPPBYGGINGU Á PRÓFI. Í SÝNISPRÓFI ER TILGREINDUR ÁKVEÐINN FJÖLDA EFNISATRIÐIA T.D. Í HLUTA NR. 2 UM TEKJUSKATT ER SPURT UM SJÖ ATRIÐI. Í PRÓFI GETA ÞESSI ATRIÐI VERÐIÐ FLEIRI EÐA FÆRRI OG VÆGI HVERS LIÐAR BREYTIST ÞESS VEGNA. ÞETTA Á VIÐ HLUTA NR. 2, 3 OG 4. ALLTAF VERÐA 10 KROSSASPURNINGAR.**

## I. hluti - krossaspurningar (20%) – 36 mínútur

10 krossaspurningar. Veljið aðeins eitt svar af þeim svarmöguleikum sem eru til staðar við hverja spurningu en ekki gefa nánari skýringar.

Ekki er dregið niður fyrir rangt svar.. Vægi hverrar krossaspurningar er jafnt, 2% eða 3,6 mínútur. Óskilgreind efnisatriði.

I. hluti prófs	20,0%	36 mín.
10 krossaspurningar		
gilda allar jafnt.....	2,0%	3,6 mín.
Samtals.....	20,0%	36 mín.

1. Jón forstjóri Félagsins ehf. hafði bifreið í eigu Félagsins ehf. til persónulegra afnota allt árið 2018. Félagið ehf. greiddi allan rekstrarkostnað bifreiðarinnar. Bifreiðin er af gerðinni Toyota Land Cruiser og var keypt ný árið 2017 á 7.500.000 kr. Hver eru bifreiðahlunnindi Jóns á árinu 2018?
  - a. 2.100.000 kr.
  - b. 1.890.000 kr.**
  - c. 1.950.000 kr.
  - d. 1.417.500 kr.
  - e. Ekkert af framangreindu á við.
2. Hvert er frítekjumark hjóna og sambúðarfólks af úthlutuðum arði?
  - a. Frítekjumark hjóna og sambúðarfólks af úthlutuðum arði er 250.000 kr.
  - b. Frítekjumark hjóna og sambúðarfólks af úthlutuðum arði er 200.000 kr.
  - c. Frítekjumark hjóna og sambúðarfólks af úthlutuðum arði er 500.000 kr.
  - d. Frítekjumark hjóna og sambúðarfólks af úthlutuðum arði og vaxtatekjum er 300.000 kr.
  - e. Ekkert af framangreindu á við.**

3. Hjónin Jón og Guðrún höfðu verið búsett í Reykjavík um margra ára skeið þegar þau í upphafi árs 2018 fluttu ásamt börnum sínum tímabundið til Siglufjarðar, en þau hjónin réðu sig til starfa þar í eitt ár. Þau leigðu út íbúð sína í Reykjavík og námu leigutekjur 2.400.000 kr. á árinu 2018. Þau tóku jafnframt á leigu íbúð á Siglufirði sem fjölskyldan bjó í. Nam leigugjald kr. fyrir þá íbúð 1.500.000 kr. á árinu 2018. Vegna þessara atvika munu skattleggjast hjá þeim Jóni og Guðrúnu sem fjármagnstekjur þeirra:
- a) 2.400.000 kr.
  - b) 900.000 kr.
  - c) 450.000 kr.
  - d) 0 kr.
  - e) Ekkert af framangreindu er rétt.
4. Hverju af eftirtöldu má Launagreiðandinn ehf. halda utan staðgreiðslu opinberra gjalda við launagreiðslur til starfsmanna sinna?
- a) Fæðishlunnindum vegna endurgjaldslausra máltíða starfsmanna, reiknuðum skv. matsreglum ríkisskattstjóra.
  - b) Greiðslum fargjalda, skv. reikningi frá þriðja aðila, á ferðum starfsmanns í þágu félagsins.
  - c) Orlofslaunum greiddum í orlofi starfsmanns í samræmi við áunnin orlofsrétt.
  - d) Stjórnarlaunum, þ.e. greiðslum til stjórnarmanna vegna stjórnarstarfa þeirra í þágu félagsins.
  - e) Engu af framangreindu má halda utan staðgreiðslu opinberra gjalda.
5. Fullgildur reikningur sem myndar rétt til frádráttar á virðisaukaskatti (innskatti) þarf ekki að vera með fyrirfram áprentuðu númeri.
- a) Rangt, allir reikningar þurfa að vera með fyrirfram prentuðu raðnúmeri til þess að vera fullgildir sem innskattsreikningar.
  - b) Rétt, það dugar að númerið sé sett á í ritvinnslunni (t.d. Word eða Excel) áður en reikningurinn er prentaður út.
  - c) Rétt, enda sé þá um reikning úr rafrænu bókhaldi að ræða sem uppfyllir ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 505/2013.
  - d) Rangt, allir reikningar þurfa að vera með fyrirfram prentuðu raðnúmeri og í þrítili til þess að vera fullgildir sem innskattsreikningar.
  - e) Ekkert af framangreindu á við.

6. Hagnaður þrotabús skattleggst í:

- a) 37,6% skattþrepi.
- b) 20% skattþrepi.
- c) 36,94% skattþrepi.
- d) Hagnaður þrotabús skattleggst ekki.
- e) Ekkert af ofangreindu er rétt.

7. Í framtali XYZ ehf. gjaldárið 2017 (rekstrarárið 2016) var frestað skattlagningu hagnaðar af sölu fastafjármuna að fjárhæð 12.000.000 kr. XYZ ehf. keypti vélar og tæki fyrir 10.000.000 kr. á rekstrarárinu 2017. Rekstrarniðurstaða XYZ ehf. á rekstrarárinu 2017 var neikvæð um 2.000.000 kr. og á rekstrarárinu 2018 var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 1.000.000 kr. Hvernig ber að fara með frestaða söluhagnaðinn í skattframtölum XYZ ehf.?

- a) Í skattframtali gjaldársins 2018 (rekstrarárið 2017) skal XYZ ehf. færa til tekna 2.000.000 kr. af frestaða söluhagnaðinum.
- b) Í skattframtali gjaldársins 2019 (rekstrarárið 2018) getur XYZ ehf. aukafyrnt vélar og tæki um 10.000.000 kr.
- c) Í skattframtali gjaldársins 2019 (rekstrarárið 2018) skal XYZ ehf. færa til tekna 10.000.000 kr. af frestaða söluhagnaðinum.
- d) Allt af framangreindu er rétt.
- e) Ekkert af framangreindu er rétt.

8. Hvað af eftirtöldu fellur ávallt undir skattskyldusvið virðisaukaskatts sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 50/1988?

- a) Útleiga á atvinnuhúsnæði
- b) Vitjun heimilislæknis
- c) Sala á atvinnuhúsnæði
- d) Leiga á aðstöðu
- e) Ekkert af ofangreindu á við

9. Allar mögulegar tekjur dánarbús skattleggjast í:
- a. 36% skattþrepi.
  - b. 20% skattþrepi.
  - c. Launa- og rekstrartekjur skattleggjast í almennu skattþrepi einstaklinga, þ.e. 37,3 – 46,24% tekjuskatti og fjármagnstekjur í 20% skattþrepi.
  - d. 37,3 – 46,24% skattþrepi.
  - e. Ekkert af framangreindu er rétt
10. Hver af eftirtöldum aðilum telst ekki vera launamaður í skilningi 4. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda?
- a. Maður sem fær happdrættisvinning frá SÍBS. 4. gr. laga nr. 45/1987.
  - b. Erlent félag sem fær greiddan arð frá innlendu félagi.
  - c. Manni sem ber að reikna sér endurgjald.
  - d. Allir framangreindir aðilar teljast launamenn í skilningi 4. gr. laga nr. 45/1987.
  - e. Enginn af framangreindum aðilum teljast launamenn í skilningi 4. gr. laga nr. 45/1987.

## II. hluti – Tekjuskattur og skattskil (35%) – 63 mín.

II. hluti prófs.	35,0%	63 mín.
verkefni nr. 1		
spurning nr. 1	5,0%	9
spurning nr. 2	5,0%	9
spurning nr. 3	5,0%	9
spurning nr. 4	5,0%	9
spurning nr. 5	5,0%	9
spurning nr. 6	5,0%	9
spurning nr. 7	5,0%	9
Samtals.....	35,0%	63 mín.

Setjið fram stuttan og hnitmiðaðan rökstuðning varðandi hvern lið auk þess sem það er MJÖG mikilvægt að vísa til laga- og/eða reglugerðarákvæða eftir því sem við á.

### Verkefni nr. 1

Árið 2018 á er nýliðið og komið er að því að reikna atriði er tilheyra skattframtalinu fyrir hið nýliðna ár. Kristinn á allt hlutaféð í Bílasölu Kidda ehf. og er starfandi framkvæmdastjóri félagsins. Kristinn erfði hlutaféð í bílasölnunni eftir föðurbróður sinn og nafna á árinu 2012 en föðurbróðir hans hafði rekið bílasölnuna í 20 ár.

Hjá félaginu starfa, auk Kristins sjö starfsmenn.

Velta félagsins á árinu 2018 nam 500.000.000 kr. og hagnaður félagsins fyrir skatta nam 50.000.000 kr. skv. rekstrarreikningi ársins 2018.

Eftirfarandi upplýsingar eru fyrirliggjandi um kostnað félagsins á árinu 2018 (allar tölur eru án vsk.)

1. Í ársreikningi kemur fram að afskriftir eigna félagsins voru 11.000.000. Eignir félagsins eru vörugeymsla sem félagið keypti árið 2009 og húsbúnaður og innréttingar sem keyptar voru árið 2016. Kaupverð húsnæðisins var 100.000.000 kr. Vörugeymslan hefur verið afskrifuð um 27.000.000 kr. í skattframtölum fyrri ára. Kaupverð húsbúnaðar og innréttinga var 40.000.000 kr. Húsbúnaður og innréttingar hafa verið afskrifaðar um 8.000.000 kr. í skattframtölum fyrri ára.
2. Bílasala Kidda ehf. seldi á árinu 2018 hlutabréf í Icelandair hf. sem keypt höfðu verið á árinu 2012 fyrir 15.000.000 kr. Þetta voru einu hlutabréf í eigu félagsins og nam söluverð 12.000.000 kr. Sölutapið er fært til gjalda í bókhaldi félagsins.
3. Í lok árs 2018 námu útistandandi viðskiptakröfur 25.000.000 kr. eftir að Bílasala Kidda ehf. gjaldfærði að fullu í bókhaldi sínu viðskiptakröfu að fjárhæð 5.000.000 í félagi sem varð gjaldþrota á árinu 2018. Í skattframtali 2018 vegna rekstrarársins 2017 voru viðskiptakröfur færðar niður um 1.500.000 kr.
4. Bílasala Kidda ehf. á yfirfæranlegt rekstrartap sem á eftir að taka tillit til að fjárhæð 15.000.000 kr. Þar af eru 5.000.000 kr. vegna taps sem myndaðist í rekstrinum árið 2007, 4.000.000 kr. sem myndaðist árið 2010 og 6.000.000 kr. sem myndaðist árið 2017.

5. Starfsfólk bílasölnunnar fær frían hádegismat í boði Bílasölu Kidda ehf. á hverjum degi þar sem Kristni finnst mikilvægt að starfsmennirnir borði hollan og staðgóðan mat. Kostnaður við hádegismat starfsmanna nam 3.000.000 kr. á rekstrarárinu 2018 og var gjaldfærður í bókum félagsins. Skattskyld fæðishlunnindi sem gefin voru upp á launamiða starfsmanna námu 1.100.000 kr.
6. Bílasala Kidda ehf. gaf 3.500.000 kr. til kaupa á orgeli fyrir nýtt húsnæði Ásatrúarfélagsins. Gjöfin er gjaldfærð í bókhaldi félagsins.
7. Gengishagnaður á árinu 2016 nam 1.500.000 kr. og gengistap á árinu 2017 nam 750.000 kr. Gengishagnaður á árinu 2018 skv. ársreikningi nemur 600.000 kr.

#### Ykkar verkefni er að...

Reiknaðu út tekjuskattstofn/yfirfæranlegt tap og tekjuskatt til greiðslu ef við á fyrir Bílasölu Kidda ehf. fyrir **tekjuárið 2018** m.t.t. framangreinds. Ef félagið verður með skatt til greiðslu skulu ytrustu frádráttarheimildir skattaréttarins nýttar. Ef félagið verður ekki með skatt til greiðslu skal leitast við að lágmarka yfirfæranlegt tap.

**Rökstyðja skal niðurstöðu þína fyrir hvern lið athugasemdanna (frá 1 -7) með viðeigandi tilvísunum í laga- og reglugerðarákvæði og frekari útskýringum ef með þarf. Auk þess þarf að sýna forsendur útreikninga.**

**Vægi hvers liðar er 5% (9 mínútur).**

**Svar.....og framsetning lausnar**

<b>Hagnaður skv. rekstrarreikningi</b>	<b>50.000.000</b>
<u>Leiðréttingar:</u>	
1) Reikningshaldsleg fyrning bakfærð	11.000.000
1) Skattaleg fyrning vörugeymslu	-6.000.000
1) Skattaleg fyrning húsbúnaðar og innréttinga	-11.200.000
2) Sölutap bakfært	3.000.000
3) Niðurfærsla viðskiptakrafna frá fyrra ári bakfærð	1.500.000
3) Niðurfærsla viðskiptakrafna - 5%	-1.250.000
4) Tap frá árinu 2010	-4.000.000
4) Tap frá árinu 2017	-6.000.000
5) Fæði	0
6) Styrkur til Ásatrúarfélags	0
7) Frestaður gengishagnaður frá árinu 2016	500.000
7) Frestað gengistap frá árinu 2017	-250.000
7) Frestaður gengishagnaður frá árinu 2018	-400.000
Skattalegur hagnaður	36.900.000
<u>Tekjuskattur - 20%</u>	<u>7.380.000</u>

**1. Afskriftir** – Bæta þarf 11.000.000 kr. bókfærðu afskriftunum við hagnað ársins og draga svo 17.200.000 kr. skattalegar fyrningar frá. Leitast á við að hámarka skattalegar fyrningar þar sem hagnaður er á rekstrinum. Skattalegar fyrningar eru því 6% af stofnverði vöruheymislu (100.000.000 x 6%) og 35% af stofnverði húsbúnaðar og innréttinga að frádregnum áður fengnum fyrningum, þ.e. 35% af 32.000.000 kr. (40.000.000 – 8.000.000). Er það gert á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 31. gr. TSL sem segir að draga megi frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri rekstrarkostnað, þ.e. þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal niðurfærslu og fyrningu eigna, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum. Það er því einungis heimilt að draga frá fyrningar skv. þeim aðferðum sem mælt er fyrir um í tekjuskattslögum.

Fyrningagrunnur eigna kemur fram í 2. mgr. 36. gr. laga nr. 90/2003.

Fyrningarhlutföll koma fram í 37. gr. laga nr. 90/2003

+11.000.000

-17.200.000

**2. Sölutap hlutabréfa** – Skv. 2. mgr. 9. Tl. í 31. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt heimilast ekki sem frádráttur frá tekjum tap umfram hagnað af sölu hlutabréfa og myndar ekki yfirfæranlegt tap. Því þarf að bæta 3.000.000 kr. við skattstofns félagsins.

+ 3.000.000 kr.

**3. Niðurfærsla viðskiptakrafna** – Skv. 2. mgr. 3. tl. 31. gr. TSL er heimilt að draga 5% af útstandandi viðskiptakröfum frá skattskyldum tekjum.

+1.500.000

-1.250.000 (25.000.000 x 5%)

**4. Rekstrartap** - Samkvæmt 8. tl. 31. gr. tsl. má draga eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu tíu árum á undan tekjuári, enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári þegar tapið myndaðist. Þó er ekki heimilt að nýta rekstrartap til frádráttar tekjum ef veruleg breyting hefur orðið á þeim rekstri eða starfsemi sem í hlut á, svo sem með breytingu á eignaraðild að lögaðila eða á tilgangi rekstrar, nema sýnt þyki að umræddar breytingar hafi verið gerðar í eðlilegum og venjulegum rekstrartilgangi. Tap frá árinu 2007 er fyrnt og kemur því ekki til frádráttar. Tap frá árunum 2010 og 2017 færast til frádráttar þar sem hagnaður er á rekstrinum.

-4.000.000 og -6.000.000

**5. Fæðiskostnaður** - Um þetta gildir reglugerð nr. 483/1994 varðandi frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri skv. 31. gr. TSL. Þar kemur fram í 3. mgr. 3. gr. að hlunnindi á borð við fæði séu frádráttarbær rekstrarkostnaður (á kostnaðarvergi) og skv. 5. mgr. 3. gr. er skilyrði fyrir frádrættinum að hann sé gefinn upp á launamiða – Bílasala Kidda ehf. gaf fæðishlunnindin upp á launamiða og má því gjaldfæra allan fæðiskostnaðinn. Engrar leiðréttingar er því þörf.



**6. Styrkur** - Skv. 2. tl. 31. gr. laga nr. 90/2003 og 16. gr. reglugerðar nr. 483/1994 má gjaldfæra styrk til starfsemi annarra opinberlega viðurkenndra trúfélaga að hámarki 0,75% af tekjum. Heildarvelta er 500.000.000 kr. og 0,75% er 3.750.000 kr. sem er hærra en styrkurinn sem félagið veitti. Engrar leiðréttingar er því þörf.

**7. Gengismunur** – Í 5. tölul. 8. gr. TSL segir að frá gengishagnaði ársins skal draga gengistap, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 49. gr., og færa mismuninn til tekna sem gengishagnað með jafnri fjárhæð á þrjú ár frá og með því reikningsári þegar gengishagnaður fellur til.

Gengishagnaður á árinu 2016 nam 1.500.000 kr. Því þarf að færa  $1.500.000/3$  eða 500.000 kr. til tekna nú.

Gengistap á árinu 2017 nam 750.000 kr. Því þarf að færa  $750.000/3$  eða 250.000 kr. til gjalda nú.

Gengishagnaður ársins 2018 nam 600.000 kr. og því þarf að fresta  $2/3$  hluta eða 400.000 kr. nú.

### III. hluti – Virðisaukaskattur og skattskil – (35%) – 63 mín.

III. hluti prófs.	35,0%	63 mín.
<b>verkefni nr. 1</b>		
spurning rn. 1	5,0%	9 mín.
spurning rn. 2	5,0%	9 mín.
spurning rn. 3	5,0%	9 mín.
spurning rn. 4	10,0%	18 mín.
<b>Verkefni nr. 2</b>		
spurning nr. 1	5,0%	9 mín.
spurning nr. 2	5,0%	9 mín.
Samtals.....	35,0%	63 mín.

Setjið fram stuttan og hnitmiðaðan rökstuðning varðandi hvern lið auk þess sem það er MJÖG mikilvægt að vísa til laga- og/eða reglugerðarákvæða eftir því sem við á.

#### Verkefni nr. 1 – Bílasala Kidda ehf.

Vægi spurninga 1, 2 og 3 er 6% (9 mínútur hver spurning) og vægi spurningar 4 er 12% (18 mínútur).

Við afstemmingu og yfirferð á virðisaukaskattsskilum vegna ársins 2018 gerði bókarí Bílasölu Kidda ehf. ýmsar athugasemdir við meðferð virðisaukaskatts í bókhaldinu og taldi að leiðrétta þyrfti skattskil félagsins til virðisaukaskatts að einhverju leyti. Bílasala Kidda ehf. er á virðisaukaskattsskrá vegna sölu á virðisaukaskattsskyldri vöru og/eða þjónustu. Kristinn er að fara yfir athugasemdir bókarans og spyr þig um eftirfarandi:

1. Starfsfólk Bílasölu Kidda ehf. hefur fengið frían hádegismat á hverjum degi í boði bílasölnnar og hefur félagið ekki talið sem innskatt þann virðisaukaskatt sem greiddur var vegna fæðisкупа. **Kristinn spyr hvort að félaginu hefði verið heimilt að nýta þann virðisaukaskatt sem innskatt?**

Svar...

Nei, til innskatts er ekki heimilt að telja virðisaukaskatt af aðföngum er varða fæðisкуп skattaðila sbr. 1. tölul. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Hefði bílasalan selt starfsmönnum fæði hefði verið heimilt að nýta innskatt af hráefni, orku og aðkeyptri þjónustu ef við á, sbr. 1. tölul. 2. gr. rgl. nr. 192/1993 um innskatt.

2. Kristinn leggur mikið upp úr því að aðstaða starfsmanna til snæðings sé sem snyrtilegust. Bílasala Kidda ehf. endurnýjaði borð og stóla í kaffistofunni og skipti um eldhúsinnréttingu. Einnig var keyptur inn nýr ísskápur og samlokugrill. **Framangreindur kostnaður var allur innskattaður hjá bílasölnni og spyr Kristinn þig hvort félaginu hafi verið heimilt að nýta þann virðisaukaskatt sem innskatt.**

Svar..

Nei, félaginu er ekki heimilt að telja allan virðisaukaskattinn til innskatts. Félaginu er einungis heimilt að telja til innskatts þann virðisaukaskatt sem greiddur var af eldhúsinnréttingunni, sbr. 1. tölul. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og 1. tölul. 2. gr. rgl. nr. 192/1993 um innskatt. Því ber að leiðrétta virðisaukaskattsskil félagsins vegna innskattsins sem nýttur var umfram heimild.

3. Kristinn fylgist vel með nýjstu straumum og stefnum og ákvað að fara að ráði vinar síns og fá áhrifavaldinn Eddu Svalan til að mæla með bílasölnni á Snapchat og Instagram reikningum sínum. Bílasalan er með tvo sölureikninga frá Eddu. Annars vegar vegna þjónustu í nóvember 2018 og hins vegar vegna desember 2018. Virðisaukaskattur er tilgreindur á báðum reikningum, sem bera með sér að vera ekki gefnir út í rafrænu bókhaldskerfi en báðir reikningar bera númerið 105. Kristinn fletti nafni Eddu upp í vánúmerskrá RSK og sér að virðisaukaskattsnúmerinu var lokað þann 15. október 2018. Virðisaukaskattur af þessum reikningum var nýttur sem innskattur. **Kristinn spyr hvort félaginu hafi verið heimilt að nýta sem innskatt virðisaukaskatt af reikningum frá Eddu Svalan?**

**Svar..**

Bílasölu Kidda er ekki heimilt að nýta þennan virðisaukaskatt sem innskatt, þar sem virðisaukaskattsnúmer Eddu var lokað þegar reikningarnir voru gefnir út, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988. Auk þess verða reikningar söluaðila að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um form og efni þeirra skv. 20. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og 3.gr. rgl. nr. 50/1993 um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila, til að nýting innskatts sé heimil. Því ber að leiðrétta virðisaukaskattsskil félagsins vegna innskattsins sem nýttur var umfram heimild.

4. Bílasala Kidda ehf. tekur ekki aðeins bíla í umboðssölu, heldur keypti tvær bifreiðir af bílaleigu í eigu vinar Kristins. Á reikningi bílaleigunnar til bílasölnnar var tilgreindur virðisaukaskattur og bílasalan nýtti hann sem innskatt. Við sölu bifreiðanna tilgreindi Bílasala Kidda ehf. virðisaukaskatt á reikningum til kaupenda þeirra. **Nú spyr Kristinn hvort bílasölnni hafi verið heimilt að nýta innskattinn af kaupnum og hvort að rétt hafi verið að leggja virðisaukaskatt á við sölu bifreiðanna?**

**Svar.**

Þegar virðisaukaskattur er tilgreindur á sölureikningi notaðrar bifreiðar (eða annars skráningarskylds ökutækis) sem bílasala kaupir til endursölu í atvinnuskyni er bílasölnni heimilt að telja virðisaukaskattinn til innskatts þegar bifreiðin er eingöngu ætluð til nota í virðisaukaskattsskyldum rekstri, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988 og rgl. nr. 192/1993, um innskatt. Við endursölu slíkra bifreiða skal styðjast við almennar reglur um meðferð virðisaukaskatts, sbr. 16. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og rgl. nr. 192/1993, um innskatt.

Öll sala á vörum í atvinnuskyni, jafnt nýrra sem notaðra, er vsk-skyld, skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988. Kaup bifreiðanna vörðuðu alfarið hina vsk-skyldu endursölu og því er innskattsréttur til staðar vegna kaupanna, skv. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988, að því gefnu að bílaleigan hafi verið skráð á vsk-skrá þegar kaupin áttu sér stað.

## Verkefni nr. 2 – Tvær sjálfstæðar spurningar.

Spurningar nr. 1 og 2. Vægi er jafnt, 9 mín. 5,0%

1. Jón er forstjóri Miklu Betri ehf. Félagið hefur fengið fyrirspurn frá ríkisskattstjóra um nýtingu innskatts vegna kostnaðar við Land Cruiser fólksbifreiðina, árg. 2015. Þar er m.a. spurt um reikning frá rétttingaverkstæði upp á 250.000 kr. með virðisaukaskatti. Innskattur vegna þessa reiknings var nýttur.

**Hafði félagið heimild til að láta félagið nýta innskatt af þessum reikningi?**

**Svar..**

*Nei, þar sem bifreiðin er skilgreind sem fólksbifreið er félaginu ekki heimilt að nýta innskatt af neinum rekstrarkostnaði hennar, sbr. 6. tölul. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.*

2. Í fyrirspurn ríkisskattstjóra er einnig spurt um reikning að fjárhæð 300.000 kr. frá heildverslun með útivistarvörur en Jón hafði keypt úlpur á alla starfsmenn félagsins og gefið þeim til að fagna tímamótum hjá félaginu. Á síðustu stundu hætti hún við að láta merkja úlpurnar með nafni félagsins á brjóst og bak, og þær eru því ómerktar.

**Hafði félagið heimild til að láta félagið nýta innskatt af þessum reikningi?**

**Svar..**

*Nei, kaup á ómerktum fatnaði teljast til hlunninda hjá starfsmanni. Félaginu var því ekki heimilt að nýta innskatt af kostnaði vegna hlunninda til starfsmanna, sbr. 3. tölul. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.*

## IV. hluti – Laun og launatengdgjöld og skattskil (10%) 18 mín.

IV. hluti prófs.	10,0%	18 mín.
spurning nr. 1	5,0%	9 mín.
spurning nr. 2	5,0%	9 mín.
Samtals.....	10,0%	18 mín.

### Spurning nr. 1. - 5%

Félagið ehf. fékk nýverið senda innheimtubeiðni frá Tollstjóranum í Reykjavík vegna ógreiddra opinberra gjalda Sigga, starfsmanns Félagsins ehf. Skv. innheimtubeiðninni skuldar Saggi 1.500.000 kr. í opinber gjöld. Hverjar eru skyldur Félagsins ehf. gagnvart Tollstjóranum í Reykjavík?

#### Svar...

Félaginu ehf. er skylt að halda eftir fjárhæð af launum starfsmanna sem nægir til greiðslu opinberra gjalda þeirra, þó aldrei hærrí fjárhæð en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til viðkomandi starfsmanns að meðtalinni staðgreiðslu. Ef launagreiðandi vanrækir að halda eftir af launum, ber hann sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár sem honum bar að halda eftir.

### Spurning nr. 2. – 5%

Steingrímur hefur starfað fyrir ÞÆÖ ehf. í nokkur ár. Honum býðst nú að vinna fyrir ÞÆÖ ehf. í Noregi en félagið landaði nýlega stóru verkefni þar. Steingrímur hefur heyrt að þar sem hann muni vinna erlendis þá muni hann geta fengið hluta launanna greidda sem dagpeninga og að hann þurfi ekki að greiða skatt af dagpeningunum. Er þetta rétt hjá Steingrími?

#### Svar...

Steingrími er ekki heimilt að færa frádrátt á móti dagpeningum. Sé dvöl launþega erlendis vegna tímabundinna almennra starfa þar á vegum íslensk launagreiðanda eiga reglur um frádrátt á móti dagpeningum vegna ferðalaga ekki við. Honum er þá heimilt að draga frá sérgreindum greiðslum, sem hann kann að hafa fengið vegna uppihalds, fjárhæð sem hæst getur orðið 30 SDR á dag allt að einu ári.